

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
<b>11 JUNI 2010</b> 8.7.0	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. júní 2010  
Tilvísun: UST20100500059/bs

## Endurvinnsla á stáli, Grundartanga, Hvalfjarðarsveit. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar frá 10. maí s.l. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum umrædd framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin felst í því að byggð verði verksmiðja til að endurvinna stál. Hráefnið sem áformað er að nota samanstandur annarsvegar af 23.000 tonnum af flokkuðu brotajárni og í fyrirspurn framkvæmdaaðila um matsskyldu er gert ráð fyrir því að mögulega þurfi að flytja inn að hluta af þessu efni, (þ.e.a.s. ef innlent hráefni stenst ekki kröfur um hreinleika eins og þær koma fram í töflu 4.2 í fyrirspurninni) og hins vegar af endurbræðslu á um það bil 7.000 tonnum af efni sem fellur til þegar endurnýja þarf straumteina og tindaefti í álverum en þetta hráefni er brotajárn úr rafgreiningarkerum álveranna.


Við endurvinnsluna þarf að nota mjög mikið magn af vatni og upplýsir framkvæmdaaðili að verið sé að vinna að öflun þess í samvinnu við Faxaflóahafnir sf. Þá verða til um það bil 600 tonn á ári bæði af föstu ryki og gjalli. Auk þess má að sögn framkvæmdaaðila reikna með að til falli að meðaltali um 540 tonn af fódöringum úr hitapolnum múrsteini. Bent er á möguleika á förgun fódöringa í flæðigryfjum ef löglegt er að farga þeim þannig en að öðrum kosti verði þær fluttar til endurvinnslu erlendis. Framkvæmdaraðili telur hins vegar markað fyrir hendi varðandi sölu á ryki og gjalli. Þá bendir framkvæmdaraðili á að nokkur umhverfisáhrif verði vegna losunar á afgasi út í andrúmsloftið og tiltekur markmið um hreinsun þess.


Umhverfisstofnun tekur undir það með framkvæmdaaðila að gæta þarf vel að hreinsun á afgasi og sérstaklega styrk ryks í útblæstri og að mati stofnunarinnar þarf bæði að hafa taumhald á hæstu skammtímagildum og langtímagildum. Stofnunin telur einnig æskilegt að áður en málið verði endanlega afgreitt af hálfu Skipulagsstofnunar liggi fyrir viljayfirlýsing frá öðrum rekstraraðilum á Grundartanga um að eiga samstarf við framkvæmdaraðila um umhverfisvöktun á Grundartangasvæðisins eins og stefnt er að samkvæmt fyrirspurn um matsskyldu.

Þar sem framkvæmdaraðili þarf mögulega bæði að flytja úrgang inn og út úr landinu er rétt að áréttu að um slíka starfsemi gilda ýmsar reglur, svo sem Baselsamningurinn um flutning og förgun spilliefna og að slíkar leyfisveitingar eru með öllu óháðar veitingu starfsleyfis.

Umhverfisstofnun telur að teknu tilliti til ofangreindra sjónarmiða, að framkvæmdin muni líklega ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri